

Sp.

79. Tillaga til þingsályktunar

[74. mál]

um fordæmingu á innrásinni í Grenada.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi leggur áherslu á að sjálfsákvörðunarréttur þjóða um eigin málefni er sú meginregla í samskiptum ríkja sem Íslendingar vilja styðja á alþjóðavettvangi.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lýsa því yfir að Íslendingar fordæmi innrás Bandaríkjanna og annarra ríkja í Grenada.

Jafnframt lýsir Alþingi stuðningi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október 1983 vegna innrásarinnar í Grenada.

G r e i n a r g e r ð .

Íhlutun stórvelda um málefni ríkja á svæðum, þar sem þau telja sig eiga tilkall til áhrifa, er ekki ný af nálinni. Hernaðarleg íhlutun risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, um málefni annarra ríkja hefur gerst æ ofan í æ síðustu áratugi og magnað spennuna í alþjóðasamskiptum. Oft eru slík afskipti réttlætt með því að vilhallar ríkisstjórnir, oft hreinar leppstjórnir í reynd, hafi óskað eftir aðstoð.

Þann 25. október s. l. réðust Bandaríkin og sex önnur ríki með hervaldi gegn eyríkinu Grenada í Karíbahafi. Hafa Bandaríkin nú hernumið landið sem er sjálfstætt ríki með aðild að Breska samveldinu. Þessi innrás er brot á alþjóðalögum og sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Fjöldi ríkja, þar á meðal í Vestur-Evrópu, hefur þegar fordæmt harðlega þetta framferði Bandaríkjanna gegn smáþjóð sem er helmingi fámennari en Íslendingar. Slík íhlutun um málefni ríkja stofnar alþjóðasamskiptum í mikla óvissu og heimsfriði í hættu. Íslendingar hljóta að bregðast hart við slíkum tíðindum og því er hér lagt til að Alþingi lýsi vilja sínum ótvírætt og feli ríkisstjórninni að fordæma innrásina í Grenada og fylgja þeirri afstöðu eftir á alþjóðavettvangi, þar á meðal hjá Sameinuðu þjóðunum. Slík fordæming á jafnframt við um hvert það ríki sem hlutdeild á í slíkum verknaði.

Þá er lýst stuðningi við ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október s. l., en gegn henni beittu Bandaríkin neitunarvaldi sínu. Ellefu ríki, sem sæti eiga í ráðinu, greiddu atkvæði með ályktunartillögunni, þrjú sátu hjá og aðeins eitt, Bandaríkin, greiddi atkvæði á móti tillögunni.

Ályktun Öryggisráðsins er birt í íslenskri þýðingu sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá 28. október 1983 um innrásina í Grenada.

ÖRYGGISRÁÐIÐ

- hefur kynnt sér skýrslurnar um ástandið í Grenada,
- hefur í huga yfirlýsinguna um meginreglur þjóðaréttar varðandi vinsamleg samskipti og samvinnu ríkja,
- hefur einnig í huga meginreglurnar um bann við afskiptum af innanríkismálum ríkja,

- staðfestir á ný fullveldi og óumdeilanlegan rétt Grenada til að ákvarða eigið stjórn mála-, efnahags- og þjóðfélagskerfi og til að þróa eigin alþjóðleg samskipti án nokkurra utanaðkomandi afskipta, meðalgöngu, skaðsamlegra áhrifa, þvingana eða hótana,

- harmar rás viðburða í Grenada sem leiddi til dauða forsætisráðherra landsins, Maurice Bishops, og annarra framámanna í Grenada,

- hefur í huga að samkvæmt 2. gr. (4) stofnskrár Sameinuðu þjóðanna ber öllum aðildarríkjum að halda sér í alþjóðlegum samskiptum frá hótunum eða valdbeitingu gegn friðhelgi landamæra eða pólitísku sjálfstæði nokkurs ríkis eða aðhafast á nokkurn hátt annað það sem brýtur í bág við meginreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,

- hefur þungar áhyggjur vegna hernaðaríhlutunar þeirrar sem nú á sér stað og er staðráðið í því að tryggja að eðlilegu ástandi í Grenada verði aftur komið á hið allra fyrsta,

- hefur í huga nauðsyn þess að öll ríki virði að fullu meginreglur stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

1. Harmar mjög hernaðaríhlutunina í Grenada sem felur í sér blygðunarlaust brot á þjóðarétti og á sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra ríkisins.

2. Harmar dauða saklausra borgara, sem hlotist hefur af hernaðaríhlutuninni.

3. Hvetur öll ríki til að virða að fullu fullveldi, sjálfstæði og friðhelgi landamæra Grenada.

4. Hvetur til þess að hernaðaríhlutuninni verði þegar hætt og að erlent herlið verði án tafar flutt á brott frá Grenada.

5. Fer fram á það við aðalframkvæmdastjórnann að hann fylgist náið með framvindu mála í Grenada og gefi Öryggisráðinu skýrslu innan tveggja sólarhringa um framkvæmd þessarar ályktunar.